

menning

■ Halldór Björn Runólfsson skrifar

Í skuggsjá náttúrunnar





Eða hvað á maður að halda þegar maður stendur eins og smjörklípa milli Kristjáns Guðmundssonar og Þórarins B. Þorlákssonar í austursalnum? Hvorugur þessara ágætu listamanna nýtur sín sökum of mikillar nálægðar. Það hefði eins mátt festa snilldarlega póstkortaramma Kristján aftan á málverk Þórarins heitins og selja samsuðuna í verslun safnsins.

Hingað til hefur íslensk list verið svo samofin náttúrunni að varla er á því nokkur undantekning. Að vísu er til örlítil hefð fyrir því hjá listnemum að sniðganga náttúruna og hella sér í staðinn í menningarfjörið og gerviveröldina á mölinni. En oftast eru þetta einberar kitlur verðandi listamanna sem ekki eru búnir að ráðstafa sér. Um leið og þeir hinir sömu fara utan til framhaldsnáms rennur á þá flesta einhver óslökkvandi þrá eftir auðnum heimalandsins. Eftir það verður þörfin fyrir að miðla taumlausri víðerniskenndinni allri annarri gerð tjáningar yfirsterkara.

Eitthvað á þessa leið hljóma rökin fyrir „Íslensk náttúrusýn", Listahátíðarsýningunni á Kjarvalsstöðum. Hóað er saman 19 listamönnum, lifandi og dauðum, undir yfirskrift sem er svo teygjanleg að hún felur í sér ekkert og allt. Raunar er þetta ekki fyrsta stórpródúksjón hússins sem þannig teygir sig yfir alla nútímalistasögu okkar. Ég minnist þess að hafa áður séð á Kjarvalsstöðum áþekka úttekt á yfirgripsmiklu þema sem virtist geta spannað allt milli himins og jarðar.

Hér er hvorki við einstaka listamenn í þessum 19 manna hópi að sakast né heldur stjórnendur sýningarinnar sem slíka. „Íslensk náttúrusýn" ber einfaldlega vitni úreltri hefð sem reynir að skáka því skjólinu að samsýningar eigi að vera stórar og hvíla á grunni breiðra formerkja. Eins fránir og við Íslendingar erum þegar kemur að sjálfri listinni, smáeiningunni innan heildarinnar, virðumst við fullkomlega blindir á umgjörðina og samhengið.

Ein skæðasta meinlokan í öllu þessu þverrandi samhengi er sú útbreidda skoðun að myndlist eigi ekki og geti ekki sagt okkur neitt nýtt. Samsýning sem þessi verður því einhvers konar allegorísk staðfesting alls þess sem allir vissu - að íslensk náttúra er áhrifamikil og fylgir okkur alla ævi. Svo er bara að raða saman gömlu og nýju til að undirstrika það fagnaðarerindi að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.

Ef hugsunin í listinni væri eins lítilsigld og léleg og samsuðan á Kjarvalsstöðum hefðum við getað lagt listina á hilluna strax eftir framlag frumherjanna svokölluðu. Það hefði aldeilis kætt margt íhaldshjartað að þurfa ekki að leggja hausinn í bleyti, og margar bleksletturnar hefði mátt spara ef allir hefðu verið sammála um það að ekki þyrfti að segja neitt umfram fífilbrekkumótífin á fyrstu áratugum aldarinnar.

Eða hvað á maður að halda þegar maður stendur eins og smjörklípa milli Kristjáns Guðmundssonar og Þórarins B. Þorlákssonar í austursalnum? Hvorugur þessara ágætu listamanna nýtur sín sökum of mikillar nálægðar. Það hefði eins mátt festa snilldarlega póstkortaramma Kristján aftan á málverk Þórarins heitins og selja samsuðuna í verslun safnsins.

Eins er það barnalegt að stilla Halldóri Ásgeirssyni upp móti Kjarval, bara af því báðir eru að fást við hraun. Raunar líður sýningin hvarvetna fyrir slíka ódýra slembisuðu. Hvergi er það þó verr gert en þegar eins ágætum myndhöggvara og Jóhanni Eyfells er troðið inn á gólf hjá jafn krefjandi málara og Kristjáni Davíðssyni. Áhrifin verða eins og í ólgusjó, hvorugum þessara frábæru listamanna til framdráttar.

Hinum megin við þilið hanga þeir Georg Guðni og Kristján Steingrímur í logninu á undan storminum og er það e.t.v. heppilegasta samhengið á gjörvallri sýningunni þótt segja megi að samsetningin sé skrambi augljós og verklagni þeirra alltof keimlík til að þola svona nálægð. Þó er öllu óheppilegra er hvernig hekluðum fánum og teikningum Birgis Andréssonar er troðið í austurhornið gegnt kaffistofunni. Reyndar hlýtur maður að spyrja sig hvað þetta verk Birgis sé að gera á sýningunni. Ég hefði haldið að fornleifagröftur og fánaborgir væru fremur hluti af menningu en náttúru. En það er e.t.v. í flútt við allegoríska yfirskrif sýningarinnar að flokka eikarparkett og borðstofumubblur, nútímaútgáfu fornleifanna í uppgreftrarmyndum Birgis, sem náttúrusýn, samanber: „Sjaldan fellur parkettið langt frá eikinni."

Þá hlýtur það að vekja athygli hve rúmt er kringum gegnsæja ljósmynd Ólafs Elíassonar í norðurenda vestursalarins. Það er ekki fyrr en gestir átta sig á því að notast er við skilrúmin frá undanfarandi sýningu að þeir skilja hvernig á misræminu stendur ef miðað er við þrengslin annars staðar. Þetta vekur spurningar um tilurð sýningarinnar og alvöruna að baki upphenginu.

Þegar öll kurl koma til grafar verður að segjast að „Íslensk náttúrusýn" er ekki ýkjasterk samsýning. Í fyrsta lagi er hún meira af því sama og við höfum verið að sjá á liðnum árum og áratugum. Þá er það einkar misráðið að troða frumherjunum með núlifandi listamönnum í þeim mæli sem hér er gert. Sú sérkennilega árátta að afsaka í sífellu samtímann með því að spyrða lifandi listamenn við löngu liðna hefð er ekki annað en flatneskjulegt dekur við fattleysið. Það er tími til kominn að framsækið safn eins og Kjarvalsstaðir snúi baki við vor- og haustsýningahefðinni frá sokkabandsárum FÍM. Sá mark- og máttlausi hrærigrautur gerði hvort sem er ekki annað en hleypa ofvexti í meðalmennskuna. Það er engin ástæða til að gráta slíka moðsuðu með frekari endurtekningum af hinu sama. ■



Einar Karl um forsetakosningar á sænsku

Einar Karl Haraldsson, framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins, mun halda fyrirlestur næstkomandi sunnudag í Norræna húsinu. Þar mun hann fjalla um þá nýafstaðnar forsetakosningar. Erindi sitt mun Einar Karl Haraldsson flytja á sænsku.

Leiga hækkar um 0,4 prósent

Í Fréttatilkynningu frá Hagstofu Íslands kemur fram að leiga fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði fylgi vísitölu húnæðiskostnaðar eða breytingum meðallauna. Hún hækkar um 0,4 prósent frá og með 1. júlí 1996. Þessi hækkun reiknast á þá leigu sem er í júní. Leiga helst óbreytt næstu tvo mánuði það er í ágúst og september.

Ókeypis á Hin helgu vé



Hin helgu vé eftir Hrafn Gunnlaugsson verður sýnd í Norræna húsinu á mánudagskvöldið klukkan 19:00. Myndin verður sýnd með enskum texta og er aðgangur ókeypis. Það er hins vegar ekki fiskipaté það sem kaffistofa Norræna hússins verður með á boðstólum að sýningu lokinni. Það kostar 400 krónur.

Danskur kammerkór til landsins

Danskur kammerkór er væntanlegur til landsins og heldur tónleika í Norræna húsinu á föstudagskvöld og í Hallgrímskirkju á sunnudagskvöld. Kór þessi, Kammerkór Dómkirkjunnar í Hadeslev, hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir söng sinn segir í fréttatilkynningu frá Danska sendiráðinu. Verndari hljómleikaferðarinnar er hans konunglega hátign prins Jóakim. Kórinn mun meðal annars syngja þekkta danska söngva en danski bassaleikarinn og jassarinn Niels Henning Örsted Pedersen hefur raddsett lög fyrir kórinn.



Zita kemur til landsins

Nei, ekki apinn hans Tarzans

Zita er frönsk kaffihúsa- og kabarettsöngkona en ekki apinn hans Tarzans eins einhver gæti haldið. Hún er væntanleg til landsins ásamt slagverksleikaranum Didier Laloux og heldur tónleika í Kaffileikhúsinu i Hlaðvarpanum næstkomandi fimmtudagskvöld. Zita, sem stundaði söngnám hjá Christin M. Legrand, hefur sérhæft sig í vísnasöng og syngur gjarnan lög sem frægir listamenn á borð við Edith Piaf og Jacques Brel gerðu fræg á sínum tíma.

Logos kvartettinn í Listasafni Íslands

Vienna Logos kvartettinn frá Vínaborg hefur ferðast víða um heim. Nú er komið að Íslandi sem er þrettánda landið þar sem kvartettinn heldur tónleika en þeir verða á mánudaginn í Listasafni Íslands klukkan 20:00. Meðlimir kvartettsins hafa komið fram sem einleikarar og stundað kennslu við æðri menntastofnanir. Á efnisskránni eru tvö verk sem verða frumflutt á Íslandi. Logos kvartettinn ætlar að flytja Quodlibet eftir Takács (1902), Suite Indonesia eftir Schulze (1952), Miniaturen eftir Gottfried von Einem (1918) og Trio eftir Beethoven.

Sattarov í MÍR

Rússneski myndlistarmaðurinn Mansúr Mannúrovits Sattorov er nú staddur hérlendis ásamt konu sinni Larissu en hún er blaða- og sjónvarpsfréttamaður. Sattorov hefur lengi haft hug á því að sækja Ísland heim og á laugardaginn verður opnuð sýning á teikningum hans og olíumálverkum í sýningarsölum MÍR við Vatnstíg 10. Hann stefnir að því að halda á næstu mánuðum sýningu í Moskvu á verkum sem tengjast Íslandsdvölinni.

